

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarslaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Garðars Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Nr. 81/1954. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Jóni Ísak Magnússyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms sökum galla á dómi og rannsókn máls.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraðsdómi eru ekki rakin ákæruatriði á hendur sakborningi, 8 að tölu, sem greind eru í ákæruskjali dómsmálaráðherra, og eigi hefur héraðsdómari heldur tekið einstök ákæruatriði til úrlausnar hvert fyrir sig að einu undanskildu. Sakir þessara megingalla á héraðsdómi ber að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Það athugast, að nokkur þeirra vitna, sem kvödd hafa verið fyrir dóm og borið þar vætti, hafa ekki verið eiðfest. Þá hafa eigi allir þeir menn verið krafðir vættis, sem ástæða var til að kveðja fyrir dóm til að afla frekari gagna um atvik, sem vitni höfðu greint frá í rannsókn málsins.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda

og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Þórólfs Ólafssonar og Einars Ásmundssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 28. desember 1953.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Jóni Ísak Magnússyni smið, til heimilis að Silfurgötu 4, Ísafirði, til refsingar fyrir áfengissmygl og áfengissölu samkvæmt áfengislögum, nr. 33/1935, 14. gr., sbr. 27. gr., og 15. gr., sbr. 33. gr., enn fremur til að sæta upptöku áfengis samkv. heimild í 27. gr. laga nr. 33/1935 og 69. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærður, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 12. nóvember 1899 á Ísafirði. Hann hefur sætt þessum refsingum:

1926 14/6 150 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 15/1925 skv. sætt. Smyglun áfengis.

1927 9/11 400 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn l. nr. 15/1925 skv. dómi lögregluréttar. Smyglun áfengis.

Hinn 21. des. 1952 fór fram samkvæmt úrskurði dómars leit að smygluðu og öðru ólöglegu áfengi í húsakynnum Jóns Ísaks Magnússonar á Silfurgötu 4 og í Soffiubúð á Silfurtorgi vegna grunar, sem á honum lá um sölu áfengis. Við leitina, sem lögregluþjónarnir og tollvörðurinn á Ísafirði framkvæmdu undir stjórn fulltrúa bæjarfógeta, fannst þetta áfengi:

Í íbúð ákærðs:	1	flaska af ákavíti
	1	— — gin
Í kjallara:	1	— — pólskum spíritus
Í vinnustofu undir gólfi:	2	flöskur — — —
	3	— — ákavíti
	3	— — brennivíni
Í herbergi fram af		
vinnustofu:	3	— — ákavíti
	1½	flaska — brennivíni
	1	ákavítisflaska með spíritus
	2	tómar flöskur undan pólskum spíritus.

Enn fremur fundust 14 tómar flöskur undan dönskum bjór. Þannig fundust alls 16½ flöskur af áfengi, þar af 4 flöskur með pólskum spíritus, en 12½ flöskur af áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins. Í Soffiubúð fannst ekkert áfengi.

Ákærður hefur stöðugt neitað því að hafa selt áfengi og haldið því fram, að Áfengisverzlunarvin það, sem fannst við húsleitina hjá honum, hafi hann keypt til eigin neyzlu. En þá grein hefur hann gert fyrir smyglaða áfenginu, að ýmsir menn af botnvörpungunum Sólborgu og Ísborgu frá Ísafirði hafi fært honum að gjöf

flöskur þær, sem hjá honum fundust. Komu þeir til hans og veittu honum vín, en skildu síðan eftir heilar flöskur og slatta í flöskum. Sama kvað hann gilda um tömu flöskurnar undan dönskum bjór, sem fundust við húsleitina. Ákærður kveðst ekki muna, hvaða menn gáfu honum vínið, en þeir hafi verið margir.

Ákærður hefur haldið því fram í málinu, að hann hafi aldrei selt áfengi og að framburðir vitna þeirra, sem leidd hafa verið, séu ósannir og að það sé álit hans, að vitnin hafi verið hrædd af lögreglunni og dómaranum til þess að ljúga upp á hann vinsölu.

Í málinu hafa verið leidd allmörg vitni, og hafa mörg þeirra haldið því fram, að ákærður hafi selt þeim áfengi. Vitnin eru þessi:

1. Höskuldur Agnarsson. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa keypt af ákærðum eina flösku af pólskum spíritus fyrir 300 krónur ásamt Hákon Bjarnasyni. Hákon fór inn til ákærðs, en vitnið heið utan við næsta hús á meðan. Viku áður fór vitnið til ákærðs og keypti af honum eina flösku af ákavíti á 125 krónur.

2. Hákon Bjarnason. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa ásamt Höskuldi Agnarssyni keypt eina flösku af pólskum spíritus af ákærðum fyrir 300 kr. Seldi ákærður vitninu flöskuna í vinnustofunni. Höskuldur vissi, þegar vitnið fór inn til ákærðs. Vitnið kvaðst oft áður hafa keypt Áfengisverzlunarvín af ákærðum.

3. Ásmundur Jóhannesson. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa ásamt Hermann Guðmundssyni keypt eina flösku af spíritus hjá ákærðum og borgað fyrir hana 300 kr., sem Hermann lagði til.

4. Hermann Guðmundsson. Vitnið skýrði frá því, að 20. des. 1952 hefði Ásmundur Jóhannesson keypt fyrir hann eina flösku af erlendum spíritus hjá ákærðum fyrir 300 kr. Sá vitnið Ásmund fara inn í vinnustofu ákærðs og koma þaðan út aftur með flöskuna.

5. Gunnar Einar Líkafrónsson. Vitnið skýrði frá því, að hann hefði í félagi við Einar Kristján Ólafsson keypt tvær flöskur af pólskum spíritus af ákærðum. Einar Kristján fór til ákærðs og sótti vínið.

6. Gunnar Leósson. Vitnið kvaðst hafa 4. okt. 1952 keypt eina flösku af spíritus hjá ákærðum, og hefði hann átt að greiða fyrir hana 300 kr., en aldrei greitt nema 280 kr. Skýrði hann einnig frá því, að hann hefði fáeinum sinnum áður keypt brennivín af ákærðum.

7. Jón Kristján Símonarson. Vitnið kveðst í þrjú eða fjögur skipti hafa keypt pólskan spíritus af ákærðum. Salan fór ætíð fram í vinnustofu ákærðs, og var venjulega um hálfflöskur að ræða. Verðið var 120 kr., og var spíritusinn blandaður. Í eitt skipti var áfengið á heilflösku undan pólskum spíritus. Þessi áfengis kaup vitnisins fóru fram sumarið og haustið 1952. Á sl. tveimur árum kvaðst vitnið oft hafa keypt vín af ákærðum, brennivín, ákavíti og einu sinni gin. Kvaðst hann samtals mundu hafa keypt milli 10 og 20 vínflöskur af ákærðum, og hefði það vín allt verið frá Áfengis-

verzlun ríkisins. Brennivínið hafi kostað 120 eða 125 kr., ákavítið verið 5 kr. dýrara og ginið kostað 150 kr. Í eitt skipti, í júlímánuði 1952, kvaðst vitnið hafa keypt af ákærðum fimm áfengisflöskur í einu, fjórar flöskur af brennivíni og ákavíti og eina af gini. Nokkrir menn voru í félagi við hann um þessi kaup, og neyttu þeir þess á dansleik í Súgandafirði sama dag.

Framburðir vitnanna nr. 1—7 hafa verið staðfestir með eiði.

Fleiri vitni hafa verið leidd í málinu, og verður nú framburður þeirra rakinn:

1. Pétur Haraldsson. Vitnið skýrir frá því, að laugardagskvöldið 4. okt. 1952 hafi hann verið á gangi í Silfurgötunni ásamt Þorsteini Jónssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Sáu þeir þá mann nokkurn fara inn til ákærðs. Kom þeim saman um það að njósna um brennivínssölu ákærðs og stönnuðu því við gluggann á vinnustofu hans. Eftir örstutta stund sáu þeir manninn, sem inn hafði farið, koma út, og sýndist þeim hann vera með flösku í jakkavasanum. Nokkru síðar fór annar maður inn. Þegar hann kom út aftur, sagði hann þeim félögum, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærðum. Síðan fóru þrír menn, hver eftir annan, inn til ákærðs. Þegar þeir komu út aftur, taldi vitnið og félagar hans, að tveir þeirra hefðu verið með áfengisflösku, enda sýndi einn þeirra þeim brennivínsflösku, sem hann kvaðst hafa keypt af ákærðum. Þá kveðst vitnið fyrir rúmu ári hafa hitt á götu mann nokkurn úr Súgandafirði, sem bað hann að koma með sér til ákærðs til þess að kaupa af honum vín.

Beið vitnið fyrir utan hús ákærðs, meðan maðurinn fór inn. Þegar hann kom út aftur, var hann með tvær brennivínsflöskur, sem hann sagði vitninu, að hann hefði fengið hjá ákærðum. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærður gerði mikið að því að selja áfengi.

2. Þorsteinn Jónsson. Vitnið var 4. okt. 1952 statt á Silfurgötunni með þeim Péttri Haraldssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Sáu þeir 5 menn fara inn til ákærðs. Tveir þeirra sýndu vitninu víNFLöskur, þegar þeir komu út aftur, og sögðust hafa keypt þær af ákærðum. Þá skýrði vitnið frá því, að hann vissi um mann, sem hefði keypt flösku af gini sl. vor af ákærðum, og annan, sem um svipað leyti hefði keypt 3 flöskur af brennivíni hjá honum.

3. Jón Snorri Bjarnason. Vitnið var 4. okt. 1952 statt á Silfurgötunni með Péttri Haraldssyni og Þorsteini Jónssyni. Stönnuðu þeir við vinnustofu ákærðs til þess að forvitnast um það, hverjir færu til ákærðs. Var þeim kunnugt um, að það orð lá á ákærðum, að hann seldi mönnum áfengi. Skýrði vitnið frá því, að þeir hefðu stanzað um 8 mínútur við vinnustofuna, og hefðu á þeim tíma 5 menn farið inn til ákærðs. Einn þeirra stanzaði hjá vitninu og félögum hans, þegar hann kom aftur út, og dró hann ekki dul á, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærðum.

Framburðir þessara þriggja vitna hafa einnig verið staðfestir með eiði.

Þá hafa þessi vitni verið leidd í málinu:

1. Einar Kristján Ólafsson. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa keypt af ákærðum tvær flöskur af pólskum spíritus fyrir 300 kr. hvora flösku. Var Gunnar Einar Líkafrónsson í félagi við hann um kaupin.

2. Hörður Guðjónsson. Vitnið kvaðst 2. nóvember 1952 hafa keypt eina flösku af ákavíti frá Áfengisverzlun ríkisins af ákærðum fyrir 125 kr. Kaupin fóru fram heima hjá ákærðum.

Þessir framburðir hafa ekki verið staðfestir með eiði.

Í málinu er sannað, að ákærður hafði í vörzlum sínum, þegar húsleitinn fór fram, smyglað áfengi, sem hann hefur ekki gert sennilega grein fyrir, hvernig hann hefur eignast. Þá verður að telja sannað, að ákærður hafi selt smyglað áfengi.

Þá verður að telja sannað með vitnaframburðum og öðrum atvikum, að ákærður hafi í atvinnuskyni selt vín frá Áfengisverzlun ríkisins.

Með þessu atferli hefur ákærður gerzt brotlegur við 14. gr., sbr. 27. gr., og 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, nr. 33/1935.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald og 6.000 króna sekt til Menningarsjóðs að meðtöldu litragjaldi skv. 27. gr. áfengislaga, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 33/1935 og 69. gr. laga nr. 19/1940 skal áfengi það, er fannst hjá ákærðum við húsleit 21. des. 1952, vera upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns Grímssonar málaflutningsmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 300 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærður, Jón Ísak Magnússon, sæti 15 daga varðhaldi og greiði 6.000 króna sekt til Menningarsjóðs.

Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar.

Áfengi það, sem fannst við húsleit hjá ákærðum, skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Grímssonar, að upphæð 300 krónur.

Dóminum skal fullnægt með aðför að lögum.